

2022 Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 2. nóvember, 2022

Fyrirlesari: Kristín Svava Tómasdóttir, sagnfræðingur.

Efni: "Sjúkrahús Reykjavíkur og Farsóttahús Reykjavíkur. Tvö sjúkrahús í Þingholtsstræti 25".

Mættir: 52, félagsmenn og nokkrir makar.

Fundur var haldinn í Öldungadeild LÍ þ. 2/11 2022 í Hlíðasmáranum. Formaður setti fundinn og sagði frá starfsemi félagsins og hvaða fundir væru framundan. Hann minntist á ferð félagsmanna til Búdapest og Vínar í október sem heppnaðist sérlega vel. Fundarmenn risu úr sætum og vottuðu Helgu Þráinsdóttur lækni virðingu sína en hún lést í septembermánuði.

Aðalerindi fundarins flutti Kristín Svava Tómasdóttir sagnfræðingur og rithöfundur. Hún hefur nýlega gefið út bók um Farsóttarhúsið við Þingholtsstræti og gerði sögu hússins ágæt skil. Húsið var byggt 1884 og starfaði fyrst sem sjúkrahús og læknaskóli. Á liðinni öld var rekið sóttvarnarhús þar sem sjúklingar með smitandi sjúkdóma voru einangraðir. Seinni hluta aldarinnar var húsið athvarf fyrir heimilislausa drykkjumenn.

Góður rómur var gerður að máli Kristínar Svövu og fékk hún fjölmargar fyrirspurnir. Fundi var slitið um klukkan 17.20.

Óttar Guðmundsson